

Ársskýrsla 2010 - 2011



Stjórn Félags forstöðumanna ríkisstofnana
18. maí 2011

Ársskýrsla Félags forstöðumanna ríkisstofnana starfsárið 2010 - 2011

1. Inngangur

Eftirfarandi ársskýrslu Félags forstöðumanna ríkisstofnana er ætlað að gefa yfirlit yfir helstu verkefni og megináherslur á starfsárinu maí 2010 til maí 2011. Aðeins er þó stiklað á stóru í skýrslunni en frekari upplýsingar um starfsemina er t.d. að finna á heimasíðu félagsins www.ffr.is eða í fundargerðum stjórnarfunda og félagsfunda.

2. Aðalfundur FFR 11. maí 2010

Aðalfundur FFR var haldinn á Grand Hótel í Reykjavík þann 11. maí 2010. Fundinn sóttu 37 félagsmenn eða gestir og var fundarstjóri Sigrún Jóhannesdóttir forstjóri Persónuverndar. Sérstakur gestur fundarins var Salvör Nordal sem flutti erindi í tengslum við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna árið 2008. Eftirfarandi eru helstu ákvarðanir og helstu niðurstöður aðalfundar FFR 2010 :

Stjórnarkjör

Björn Karlsson brunamálastjóri sem sat í uppstillingarnefnd ásamt Sigríði Björk Guðjónsdóttur lögreglustjóranum á Suðurnesjum lagði til eftirfarandi fulltrúa í stjórn félagsins:

Aðalstjórn:

Magnús Guðmundsson, forstjóri Landmælinga, Íslands sem gaf kost á sér til formanns.

Stefán Eiríksson, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins

Ásta Valdimarsdóttir, forstjóri Einkaleyfastofu

Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar

Anna Birna Þráinsdóttir, sýslumaðurinn í Vík

Varastjórn:

Magnús Skúlason, forstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurlands

Ingibjörg Sverrisdóttir, Landsbókavörður

Már Vilhjálmsson, rektor Menntaskólans við Sund

Ekki komu fram aðrar tillögur og var nýja stjórnin kjörin einróma og Magnús kjörinn formaður. Úr stjórn gengu þær Ingibjörg S. Guðmundsdóttir rektor Kvennaskólans og Rannveig Gunnarsdóttir forstjóri Lyfjastofnunar og var þeim þökkuð vel unnin störf fyrir félagið.

Stjórn FFR skipti síðar með sér verkum þannig að Ingibjörg Sverrisdóttir er varaformaður (í stað Ásta Valdimarsdóttur sem fór erlendis), Gissur Pétursson er gjaldkeri, Anna Birna Þráinsdóttir er ritari og Stefán Eiríksson umsjónarmaður heimasíðu félagsins.



Stjórn FFR 2010-2011, frá vinstri: Stefán Eiríksson, Gissur Pétursson, Ingibjörg Sverrisdóttir, Magnús Guðmundsson, Ásta Valdimarsdóttir, Magnús Skúlason og Már Vilhjálmsson. Á myndina vantar Önnu Birnu Þráinsdóttur.

Endurskoðaðir reikningar félagsins

Gissur Pétursson gjaldkeri stjórnar gerði grein fyrir reikningum félagsins á aðalfundinum. Rekstrarniðurstaðan undanfarins árs var tap sem nam kr. 298.149.- Félagið átti á þessum tíma tæplega 2,2 milljónir í sjóði. Reikningarnir voru samþykktir án athugasemda.

Lagabreytingar

Ingibjörg Guðmundsdóttir rektor Kvennaskólans rakti tillögur um breytingar á lögum félagsins. Þessar tillögur höfðu áður verið sendar félagsmönnum í tölvupósti ásamt greinargerð. Ein smávægileg breytingartillaga var gerð á fundinum og samþykkt. Lagabálkurinn var síðan samþykktur í heild sinni og tók þegar gildi. Helstu breytingarnar á lögum félagsins voru eftirfarandi:

Hlutverk félagsins. Með breytingu á texta er áréttað að FFR skuli bæði stuðla að samstarfi félaga og stofnana þeirra eftir því sem við á. Einnig er áréttá að FFR skuli bæði vera tengiliður og samstarfsaðili við stjórnvöld um gagnkvæm málefni félagsmanna og stofnana.

Félagsaðild. Með lagabreytingunum er áréttað að allir forstöðumenn ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja sem fá laun sín ákvörðuð af Kjararáði séu félagsmenn í félaginu nema þeir óski að standa utan þess. Einnig var sett inn nýtt ákvæði um að nýjum forstöðumönnum skuli senda upplýsingar um félagið, lög þess og starfsemi. Varðandi aðild fyrrverandi forstöðumanna að FFR var samþykkt sú meginregla að félagsaðild ljúki þegar félagsmaður lætur af starfi forstöðumanns en óski fyrrverandi forstöðumaður hinsvegar eftir því að vera áfram félagsmaður FFR skal hann senda stjórn félagsins bréf þess efnis og hefur þá full réttindi innan félagsins önnur en kosningarétt og kjörgengi til stjórnar. Fyrrverandi forstöðumenn sem í dag eru félagar í FFR halda félagsaðild sinni nema þeir óski skriflega eftir úrsögn.

Starfskjaranefnd. Með lagabreytingum var áréttað að innan FFR skuli starfa sérstök þriggja manna starfskjaranefnd. Hlutverk hennar er að gæta almennra kjaratengdra hagsmuna félagsmanna, m.a. annast almenn samskipti við Kjararáð, stjórnvöld og aðra þá aðila sem ákvarða starfskjör félagsmanna. Einn fulltrúi fyrrverandi forstöðumanna skal eiga sæti í starfskjaranefnd.

Í kjölfar þess að lagabreytingarnar voru samþykktar voru eftirfarandi kosin einróma í starfskjaranefnd næsta starfsár:

- Steingrímur Ari Arason, forstjóra Sjúkratrygginga Íslands,
- Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjórinn á Suðurnesjum
- Magnús Jónsson fyrrverandi Veðurstofustjóri.

Á fyrsta fundir starfskjaranefndar tók Sigríður Björk að sér formennsku í nefndinni.

Ákvörðun árgjalds félagsmanna

Gissur Pétursson gjaldkeri félagsins gerði tillögu um að félagsgjaldið yrði hækkað úr 5.000 kr í 6.000 kr og var það samþykkt. Bent var á að rétt væri að fyrrverandi forstöðumenn greiddu lægra árgjald og var stjórn félagsins falið að ákveða það. Á fyrsta stjórnarfundum FFR eftir aðalfund var ákveðið að þetta gjald yrði kr. 1500.-

Ályktanir

Magnús Guðmundsson formaður FFR lagði fram tvær tillögur að ályktunum, annars vegar um mikilvægi samráðs og faglegra vinnubragða við sameiningu opinberra stofnana og hinsvegar um ósamræmi í launakjörum forstöðumanna ríkisstofnana. Ályktanirnar voru samþykktar og voru þær í kjölfar fundarins sendar fjölmiðlum auk ráðherra, alþingismanna, kjararáði og ráðuneyttisstjórum. Sjá nánar á heimasíðu FFR:

(<http://www.ffr.is/Innskraning/Frettirogtilkynningar/Lesa/165>)

(<http://www.ffr.is/Innskraning/Frettirogtilkynningar/Lesa/166>).

3. Störf stjórnar FFR

Stjórn FFR fundaði mánaðarlega á starfsárinu frá september 2010 til maí 2011. Stjórnin hélt alls 9 stjórnarfundir auk ýmissa annarra funda sem stjórn eða hluti stjórnar sótti f.h. FFR s.s hjá nefndum Alþingis og í forsætisráðuneytinu. Stjórnarfundir voru að öllu jöfnu haldnir fyrsta föstudag í mánuði og tóku stjórnarmenn til skiptis að sér að halda fundina á sinni stofnun auk þess sem einn fundur var haldinn hjá Stofnun stjórnmála og stjórnsýslu við Háskóla Íslands. Á fyrsta fundi stjórnar eftir sumarhlé þann 3. september 2010 óskaði Ásta Valdimarsdóttir varaformaður FFR eftir að láta af störfum í stjórn vegna starfa erlendis. Ásta fór til starfa hjá Alþjóðahugverkastofnuninni (World Intellectual property Organization) í Sviss um tveggja ára skeið. Stjórn ákvað að Ingibjörg Sverrisdóttir landsbókavörður kæmi sem aðalfulltrúi í stjórn fyrir Ástu en hún var kosin varafulltrúi á aðalfundi í maí sl. Ingibjörg var einnig valin til að taka við sem varaformaður FFR.

4. Félagsfundir FFR á starfsárinu

Þrír eftirfarandi félagsfundir voru haldnir hjá FFR á starfsárinu 2010-2011:

Félagsfundur 27. nóvember 2010: Fundurinn var haldinn á Grand hóteli í Reykjavík og var fundarstjóri Ingibjörg Sverrisdóttir landsbókavörður. Fundinn sóttu 31 forstöðumaður. Dagskráin var eftirfarandi:

- Magnús Guðmundsson formaður FFR - Inngangsorð
- Gunnar Björnsson skrifstofustjóri starfsmannaskrifstofu – Kjaraviðræður og mannauðsmál
- Stefán Eiríksson – Fréttir af samráðsnefnd um aðhalds- og sparnaðaðgerðir
- Steingrímur Ari Arason – Fréttir af vettvangi starfskjaranefndar FFR
- Önnur mál, umræður og fyrirspurnir
- Samantekt fundarstjóra

Jólafundur 9. desember 2010. Jólafundurinn FFR var haldinn á Grand hóteli og var boðið upp á veglegt jólahlaðborð. Fundinn sóttu um 20 forstöðumenn. Sérstakur gestur fundarins var Guðni Th. Jóhannesson sagfræðingur sem las upp úr bók sinni um Gunnar Thoroddsen.

Félagsfundur FFR á 12. janúar 2011: Félagsfundur FFR var haldinn á Grand hóteli í Reykjavík og var fundarstjóri Gissur Pétursson. Fundurinn var vel sóttur, alls mættu um 90 forstöðumenn. Dagskráin var eftirfarandi:

- Magnús Guðmundsson formaður FFR – Inngangsorð
- Staðan í vinnu starfskjaranefndar FFR og samskipti við Kjararáð – Sigríður Björk Guðjónsdóttir formaður nefndarinnar
- Árnessjóðurinn – Júlíus S. Ólafsson
- Siðareglur í opinberri stjórnsýslu – Magnús Pétursson

- Hugmyndir um nýjar aðferðir við launasetningu og stöðuveitingar æðstu stjórnenda hjá hinu opinber - Gunnar Björnsson
- Önnur mál og umræður

Í kjölfar erinda urðu talsverðar umræður og fyrirspurnir og var áberandi að félagar í FFR hafa áhyggjur af þróun kjaramála sinna.

5. Fundur stjórnar FFR með Umboðsmanni Alþingis

Föstudaginn 14. febrúar 2010 átti stjórn FFR fund með Umboðsmanni Alþingis til þess að ræða ýmis mál og áhyggjuefni sem uppi eru í stjórnsýslunni m.a. varðandi meintan seinagang og jafnvel lögbrot Kjararáðs við að ákvarða laun forstöðumanna. Fram kom á fundinum að Umboðsmaður Alþingis hefur miklar áhyggjur af dvínandi trausti á stjórnsýsluna á sama tíma og vinnuálag er víða mjög mikið. Fulltrúar í stjórn FFR tóku undir þessar áhyggjur og lögðu auk þess áherslu á að Kjararáð fari að þeim lögum sem um það gilda og bentu einnig á að alvarlegt misræmi sé í lagasetningu vegna sameininga stofnana og ráðuneyta.

6. Athugasemdir við lagafrumvörp

Undanfarið hefur stjórn FFR fengið beiðnir um umsagnir um nokkur frumvörp s.s. um niðurlagningu Varnarmálastofnunar, um breytingar á lögum um fjárreiður ríkisins, um breytingar á starfsmannalögu og um ný upplýsingalög. Þegar hefur náðst ákveðinn árangur með þeim ábendingum sem FFR kom með varðandi skort á samræmdum vinnubrögðum við gerð lagafrumvarpa um sameininga eða niðurlagningu stofnana og hafa fulltrúar stjórnvalda þegar hafið vinnu við úrbætur. Fulltrúar í stjórn FFR hafa einnig sótt fundi nefnda Alþingis til að fylgja eftir umsögnum og svara spurningum þingmanna.

7. Kynningarfundur um Taiex stuðning

Í janúar 2011 átti stjórn FFR ásamt Umboðsmanni neytenda fund með sendinefnd Evrópusambandsins þar sem kynntir voru möguleikar fyrir opinberar stofnanir varðandi stuðning í gegnum svokallað Taiex kerfi Evrópusambandsins. Aðallega er þar um að ræða möguleika á að fá sérfræðinga hingað til lands til að miðla þekkingu og reynslu og hinsvegar möguleikar að fara í kynningarferðir til annarra landa eða stofnana í Evrópu. Forstöðumenn eru hvattir til að kynna sér þessar leiðir á eftirfarandi vefsíðu: <http://ec.europa.eu/enlargement/taieux/>

8. Félagaskrá og félagsgjöld

Guðrún Sveinsdóttir starfsmaður hjá Lyfjastofnun hefur séð um félagaskrá FFR og að senda félagsmönnum upplýsingar um nokkurra ára skeið. Við hlutverki Guðrúnar tók haustið 2010 Erla Bjarnadóttir (erla@landsbokasafn.is) hjá Landsbókasafni og sér hún

um að halda félagaskránni uppfærðri og senda upplýsingar til forstöðumanna. Guðrúnu Sveinsdóttur eru þökkuð vel unnin störf en hún hefur sinnt þessu verkefni af stakri þryði.

Á starfsárinu 2010-2011 greiddu um 175 starfandi forstöðumenn félagsgjald og er það sama tala og frá árinu á undan. Unnið er að því af gjaldkera að fá úr því skorið hvaða fyrrverandi forstöðumenn vilja vera í félaginu.

9. Samráðsnefndin í fjármálaráðuneytinu

Á tímabilinu maí 2010 - maí 2011 tóku fulltrúar FFR þátt í starfi samráðsnefndar fjármálaráðuneytisins, ráðuneyta og FFR um aðhalds og sparnaðaraðgerðir. Í nefndinni sátu fyrir hönd FFR þau Ásta Valdimarsdóttir forstjóri Einkaleyfastofunnar og Lárus H. Bjarnason rektor Menntaskólans við Hamrahlíð. Vegna breytinga á störfum Ástu tók Stefán Eiríksson lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins sæti í hópnum síðla sumars 2010.

Umfjöllunarefni hópsins á starfsárinu 2010-2011 voru ýmis mikilvæg mál s.s. upplýsingagjöf til forstöðumanna frá ráðuneytum um niðurskurð, yfirfærslur fjárheimilda á milli ára og verkefni undirhópa sem samráðshópurinn ákvað að ýta úr vör vorið 2010. Þessir hópar áttu að fjalla um a) árangursstjórnun b) fækkun fjárlagaliða c) starfsmannamál d) fækkun stofnana og e) opinber innkaup. Fulltrúar FFR hafa átt sæti í öllum þessum hópum en þeim var stýrt af fulltrúum fjármálaráðuneytisins.

Það er mat stjórnar FFR að samráð sem þetta sé mjög mikilvægt ekki síst til að leiðbeina forstöðumönnum með samræmdum hætti í því erfiða verkefni sem þeir standa í við að draga úr kostnaði en halda um leið uppi sem bestri þjónustu við samfélagið. Það er mikilvægt að rödd forstöðumanna heyrir á þessum vettvangi ekki síst til að tryggja faglega nálgun og samræmd vinnubrögð á milli einstakra ráðuneyta.

Aðkoma FFR að starfi þessa samráðshóps hefur þegar skilað árangri og því er mikilvægt að starfið haldi áfram. Það er því mjög miður að starf nefndarinnar hefur legið niðri frá því fyrir áramótin 2010-2011 þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir fulltrúa FFR um fundi og þrátt fyrir að fulltrúum í samráðsnefndinni hafi verið fjölgað með aðkomum nokkurra skrifstofustjóra fjármála í ráðuneytunum og tveggja forstöðumanna til viðbótar, þeirra Kristínar Lindu Árnadóttur forstjóra Umhverfisstofnunar og Árna Sverrissonar forstjóra Sankti Jósepsspítala.

10. Starfskjaramálin

Starfskjaranefnd FFR undir forystu Sigríðar Bjarkar Guðjónsdóttur vann ötullega að því á starfsárinu 2010-2011 að afla upplýsinga um stöðuna í kjaramálum forstöðumanna auk þess að þrýsta á að Kjararáð vinni samkvæmt lögum. Einnig vann nefndin að því að skoða hvaða leiðir séu færar til að koma fram leiðréttingum vegna alvarlegrar skerðingar á kaupmætti forstöðumanna umfram aðra samanburðarhópa. Upplýsingum og greinargerð um þessa alvarlegu stöðu var komið á framfæri við Kjararáð þann 14. desember 2010, sjá heimasíðu FFR:

(<http://ffr.is/media/files/Minnisbla%C3%B0%20til%20kjararads%20fra%20FFR%2014.12.2010.pdf>). Enn hafa engin efnisleg viðbrögð borist vegna þessa en ítrekunarbréf var sent til Kjararáðs í febrúar 2011 þar sem það er krafist svara fyrir 1. mars nk. Í bréfinu sagði m.a. :

„Eftir að lög um tímabundna lækkun launa forstöðumanna ríkisstofnana féllu úr gildi 30. nóvember sl. telur FFR að lögum samkvæmt beri ráðinu að afturkalla launlækkunina og endurskoða starfskjör forstöðumanna að öðru leyti eins fljótt og verða má. Félagið telur jafnframt að ómálefnaleg töf á afturkölluninni svo og endurskoðun starfskjaranna að öðru leyti brjóti í bága við ákvæði laga nr. 47/2006 um kjararáð.

Með bréfi þessu er farið fram á að kjararáð útskýri og rökstyðji fyrir lok þessa mánaðar áform ráðsins um breytingar á starfskjörum forstöðumanna ríkisstofnana til samræmis við ákvæði laga um ráðið. Að öðrum kosti verði litið svo á að ráðið telji að einstakir forstöðumenn, sem álíta að lög standi til breytinga á starfskjörum án frekari tafa, eigi sjálfir að reifa þau sjónarmið milliliðalaust fyrir ráðinu.“

Starfskjaranefndin hefur rætt hvert eigi að vera framhald starfsins en nefndin telur að með því að kjararáð skili ekki 9,2% lækkunum á ný, sé verið að brjóta á forstöðumönnum, enda átti lækkunin að vera tímabundin. Rætt hefur verið um hóp málsókn til að ná lækkuninni tilbaka og Steingrímur Ari Arason sem situr í forstöðumaður í starfskjaranefnd FFR hefur þegar sent kvörtun til Umboðsmans Alþingis sem nú er með mál hans til umfjöllunar.

Magnús Jónsson fv. Veðurstofustjóri óskaði í febrúar 2011 að láta af störfum í starfskjaranefnd FFR en þar hefur hann starfað með Sigríði Björk Guðjónsdóttur og Steingrími Ara Arasyni frá því að nefndin var kosin á aðalfundi félagsins í maí 2010. Þorkell Helgason fv. Orkumálastjóri tók sæti Magnúsar í starfskjaranefnd fram að aðalfundi.

11. Fundur með fjármálaráðherra

Formaður FFR átti þann 2. febrúar 2011 fund með Steingrími J. Sigfússyni fjármálaráðherra til að ræða kjara- og réttindamál forstöðumann. Fundin sat einnig Gunnar Björnsson skrifstofustjóri starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins. Á fundinum lýsti fjármálaráðherra því yfir að hann vilji bæta úr varðandi kjör og aðstæður forstöðumanna og hann tók fram að hann metur mikils þann árangur sem forstöðumenn eru að ná í störfum sínum. Ráðherra sagði frá því að hann hyggðist skipa nefnd til að koma með tillögur um fyrirkomulag varðandi ráðningar, launasetningu, umbun, tilfærslur í starfi og leiðir til starfsloka fyrir forstöðumenn.

12. Starfshópur um kjör forstöðumanna

Fjármálaráðherra óskað eftir því í bréfi til FFR þann 21. mars 2011 að félagið tilnefndi 2 fulltrúa í starfshóp um stöðu, starfsskilyrði og kjör forstöðumanna. Ráðherra mun auk fulltrúa FFR tilnefna 2 sérfræðinga í hópinn auk formanns. Í erindi ráðuneytisins segir að umfjöllunarefni hópsins verði m.a. skilgreining á hlutverki stjórnenda, hæfnisskilyrði og ráðningartími, fyrirkomulag launaákvörðunar, aðferðir við mat á hæfni og árangri, þjálfun og endurmenntun, hreyfanleiki í starfi, stjórnæki og lagaumhverfi og fjárhagsleg ábyrgð. Hópnun er gert að skila stöðuskýrslu í byrjun júní 2011 og endanlegri greinargerð til ráðherra í loka október 2011.

FFR tilnefndi Stefán Eiríksson lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins (stefan.eiriksson@lrh.is) og Margrétu Friðriksdóttur Skólameistara Menntaskólans í Kópavogi (margret.fridriksdottir@mk.is) til þessa verkefnis.

13. Greinar frá FFR í fjölmiðlum

Til þess að vekja athygli á ýmsum mikilvægum málum sem snerta forstöðumenn ríkisstofnana ritaði formaður FFR þrjár eftirfarandi greinar í dagblöð á starfsárinu 2010-2011:

- Morgunblaðið 17. september 2010: **Forstöðumenn og fjárlagagerð**
- Morgunblaðið 30. desember 2010: **Ríkisstofnanir, grunnstoðir sem hafa staðist álagið**
- Fréttablaðið 14. apríl 2011: **Umbætur í íslenskri stjórnslu, eða hvað ?**

Greinarnar er allar hægt að lesa á heimasíður FFR eða í viðkomandi fjölmiðlum.

14. Samhæfingarnefnd um siðferðileg viðmið fyrir stjórnsluna

Á haustmánuðum 2010 óskaði forsætisráðuneytið eftir því að Félag forstöðumanna tilnefndi fulltrúa í samhæfingarnefnd um siðferðileg viðmið fyrir stjórnsluna. Nefndin er tilkomin vegna nýrra breytinga á lögum um Stjórnarráð Íslands nr. 86/2010

og fleiri lögum (siðareglur) og er meðal annars kveðið sérstaklega á um að Félag forstöðumanna ríkisstofnana skuli eiga sæti í samhæfingarnefnd. Magnús Pétursson ríkissáttasemjara er fulltrúi FFR í þessari nefnd.

15. Málþing og námskeið starfárið 2010-2011

Eins og undanfarin ár var stofnun Stjórnsýslu og stjórn mála við Háskóla Íslands aðalsamstarfsaðili FFR við að skipuleggja og kynna málþing og námskeið á starfsárinu. Einnig kom fjármálaráðuneytið (2 atburðir) , Ríkisendurskoðun (2 viðburðir), Forsætisráðuneytið (1 viðburður), Ríkiskaup (1 viðburður), Capavent (1 viðburður) og Félags stjórnsýslufræðinga (2 viðburðir) að skipulagi einstakra málþinga.

Málþingin og námskeiðin voru almennt vel sótt og í heild komu um 1200 manns á morgunverðarfundi og námskeið á vegum FFR og stofnunar stjórnsýslufræða haust 2010 og vor 2011. Meðalþátttaka á hverjum fundi var um 160 manns haustið 2010 og um 90 manns vorið 2011. Kynjaskipting fyrirlesara var þannig að karlar voru 27 en konur 24. 8 karlar vour fundarstjórar og 2 konur. Frekari upplýsingar s.s glærur fyrirlesara er hægt að nálgast á heimasíðu FFR.

Eftirfarandi eru málþing og námskeið sem haldin voru á starfsárinu á vegum FFR og samstarfsaðila:

15. september 2010. Morgunverðarfundur og málþing. **Morgunverðarfundur og málþing um niðurskurð og árangursíkar aðferðir við sparnað í opinberum rekstri.** Samstarf við Stofnun Stjórnsýslufræða og stjórn mála, fjármálaráðuneytið og Capacent

7. október 2010. Námskeið. **Samráð á erfiðum tímum.** Arndís Jónsdóttir stjórnunarráðgjafi í samvinnu við FFR.

13. október 2010. Morgunverðarfundur. **Hvaða lærdóm eiga opinberar stofnanir að draga af skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis** - Samstarf við Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála.

Október-nóvember. Námskeið (tveir hálfir dagar). Upplýsingaréttur almennings og ráðningar og starfslok starfsmanna opinberra stofnana hjá ríki og sveitarfélögum. Samstarf við Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála.

10. nóvember 2010. Morgunverðarfundur. **Starfsmannamál ríkisins – Er breytinga þörf ?** Samstarf við Stofnun stjórnsýslufræða og Ríkisendurskoðun.

30. nóvember 2010. Morgunverðarfundur. **Hollusta, traust og starfsandi á tímum breytinga og óvissu.** Samstarf við Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála.

Haust 2010. Námskeið. **Framkvæmd breytinga í opinberum stofnunum.** Samstarf við Stofnun stjórnsýslufræða o.fl.

27. janúar 2011. **Morgunverðarfundur um áhættustjórnun og undirbúning fyrir óvænt atvik.** Samstarf við Stofnun stjórnsýslufræða.

23. febrúar 2011. Morgunverðarfundur. **Staða og störf stjórnenda í opinberum rekstri.** Samstarf við Stofnun stjórnsýslufræða.

3. -8. mars 2011. **Námskeið í stjórnsýslurétti.** Samstarf við Stofnun stjórnsýslufræða og forsætisráðuneytið.

23. mars 2011. Morgunverðarfundur. **Árangur í skugga niðurskurðar.** Samstarf við Stofnun stjórnsýslufræða.

27. apríl 2011. Morgunverðarfundur. **Hvernig geta stjórnendur náð betri árangri í innkaupum?'** Samstarf við Stofnun stjórnsýslufræða og Ríkisendurskoðun.

16. Heimsókn til Náttúrufræðistofnunar Íslands

Þann 26. janúar 2011 þáðu félagar í FFR boð Jóns Gunnars Ottóssonar forstjóra Náttúrufræðistofnunar Íslands um að koma í heimsókn í stofnun hans til að skoða nýtt og glæsilegt húsnæði hennar í Garðabæ. Alls mættu um 20 forstöðumenn í þessa heimsókn.

17. Félag forstöðumanna ríkisstofnana á Facebook

Stjórn Félags forstöðumanna ríkisstofnana ákvað á fundi sínum þann 7. janúar 2011 að opna síðu á samskiptavefnum Facebook. Slóð á síðuna er hér :

<http://www.facebook.com/forstodumenn>

18. Samvinna FFR og Stjórnvísis

Félag forstöðumanna ríkisstofnana (www.ffr.is) og Stjórnvísí, félag um framsækna stjórnun (<http://www.stjornvisi.is>) undirrituðu í febrúar 2011 viljayfirlýsingu um samstarf við miðlun á gagnlegum upplýsingum um stjórnun og góðar fyrirmyndir á því sviði. Félögin munu m.a. standa saman að fundum og málþingum og koma á faghópum. Einnig munu félögin standa saman að heimsóknum í stofnanir og fyrirtæki til að kynna starfsemi þeirra og stjórnunarhætti. Sjá nánar á www.ffr.is.

19. Heimasíðan www.ffr.is

Félag forstöðumanna ríkisstofnana rekur heimasíðu (www.ffr.is) þar sem miðlað er upplýsingum um starfsemi félagsins auk þess að þar má finna ýmsar krækjur sem vísa forstöðumönnum á gagnlegar upplýsingar. Umsjónarmaður heimasíðunnar hefur verið Stefán Eiríksson síðustu tvö starfsárin en hann situr í stjórn FFR. Félagsmenn eru hvattir til að koma með ábendingar til stjórnar FFR varðandi heimasíðuna til þess að hún geti nýst forstöðumönnum sem best.

20. Að lokum

Starfið hjá stjórn og starfskjaranefnd Félag forstöðumanna ríkisstofnana var annasamt á starfsárinu 2010-2011. Mikil áhersla var lögð á fræðslu og miðlun upplýsinga um góða og faglega stjórnslu og mun því góða starfi örugglega verða haldið áfram í samstarfi við Stofnun stjórnslufræða og stjórn mála við Háskóla Íslands og aðra lykilaðila í stjórnslunni. Það sem er þó að verða sífellt brýnna er að leggja meiri áherslu en áður er að reyna með öllum tiltækum ráðum að tryggja að farið sé að lögum við að ákvarða laun og önnur kjaratengd atriði hjá forstöðumönnum ríkisstofnana. Það virðist blasa við að á þeim vettvangi þurfi að láta reyna á þau lög sem um þetta fjalla s.s. lög um Kjararáð.

Fyrir hönd stjórnar Félags forstöðumanna ríkisstofnana

Magnús Guðmundsson formaður